

Miðvikudaginn 9. október 1935.

Nr. 45/1935. **Réttvísinn** (Garðar Þorsteinsson)  
 gegn

**Stefáni Agnari Magnússyni, Mons Olsen Monssyni, Alfred Haraldi Theódórssyni Antonsen, Þorláki Hannibal Guðmundssyni, Ólafi Óskari Guðmundssyni, Guðmundi Jónassyni og Jóni Guðmundi Þorsteini Jóhannssyni** (Jón Ásbjörnsson).

Þjófnaður og gripdeild.

*Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. marz 1935:* Ákærði, Stefán Agnar Magnússon, sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði.

Ákærði, Mons Olsen Monsson, sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði.

Ákærði, Alfred Haraldur Theódórsson Antonsen, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði.

Ákærði, Þorlákur Hannibal Guðmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði.

Ákærði, Ólafur Óskar Guðmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði.

Ákærði, Guðmundur Jónasson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga.

Ákærði, Jón Guðmundur Þorsteinn Jóhannsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga.

En fullnustu refsinga þeirra Alfreds Haralds, Þorláks Hannibals, Ólafs Óskars og Jóns skal fresta, og þær falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 1907 verða haldin.

Hinir ákærðu Stefán Agnar Magnússon, Mons Olsen Monsson, Alfred H. T. Antonsen, Þorlákur H. Guðmundsson og Ólafur Óskar Guðmundsson, greiði allir fyrir einn og einn fyrir alla Sigurlaugu Vilhjálmsdóttur kr. 83.78 í skaðabætur innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði allir fyrir einn og einn fyrir alla allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur hæstaréttar:

Þar eð ákærði Stefán Agnar hafði ekki náð 18 ára aldri, er hann framdi þjófnað þann, sem hann var dæmdur til refsingar fyrir með dómi aukaréttar Reykjavíkur hinn 29. desember 1933, þá hefir sá dómur ekki ítrekunaráhrif í þessu máli, sbr. 62. gr. hegningarlaganna. Ber því að heimfæra brot hans, sem rétt er lýst í forsendum hins áfrýjaða dóms, undir 239. gr. hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 51/1928 og 55. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 8 mánuði, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Brot ákærða Mons Olsen er réttilega heimfært undir 239. gr. hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 51/1928 og 55. gr. hegningarlaganna, en refsingu hans, sem ekki hafði náð 18 ára aldri er hann framdi afbrotið, ber að ákveða með hliðsjón af 38. gr. hegningarlaganna, og þykir hæfilegt, að hann sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði.

Þátttaka ákærða Alfred Haralds í Spánarvinsþjófnaðinum er í dómnum rétt heimfærð undir 6. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 55. gr. hegningarlaganna, og þátttaka hans í töskutökunni sömuleiðis réttilega heimfærð undir 239. gr. hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 51/1928 og 55. gr. hegningarlaganna. Ákveðst refsing hans, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði, og staðfestist undirréttardómurinn að því leyti.

Þátttaka ákærða Þorláks Hannibals í töskugripdeildinni varðar einnig við 239. gr. hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 51/1928 og 55. gr. hegningarlaganna. Hinsvegar þykir mega sýkna hann af ákæru réttvísinnar fyrir tilmæli hans við samákærða Stefán Agnar um innbrot í mjólkurbúðina í verkamannabústöðunum, þar sem aðeins virðist hafa verið um að ræða lauslega uppástungu, sem að engu leyti var byrjað að framkvæma og ekki verður fullyrt að ákærða hafi verið full alvara með. Þykir refsing ákærða, með skirskotun til framannefndra greina, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði.

Með stuldinum á brennivinsflösku og konfektí frá sælgætisgerðinni „Viking“ 9. og 16. febrúar þ. á. hefir ákærði Ólafur Óskar gerzt sekur um verkn-að, sem lýst er í 231. gr., 4. tölulið hegningarlaganna og ber því að refsa honum fyrir það afbrot samkvæmt 7. gr. laga nr. 51/1928, og sökum þess hve lítills virði hið stolna var, einnig með hliðsjón af 6. gr., 2. mgr., sömu laga. Hluttaka hans í töskutök- unni varðar við 239. gr. hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 51/1928 og 55. gr. hegningarlaganna. Þykir honum, sem ekki var orðinn 18 ára gamall, er hann framdi afbrotin, með hliðsjón af 63. og 38. gr. hegningarlaganna, hæfilega refsað með fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu hinna ákærðu Guðmundar Jónassonar og Jóns Jóhannssonar ber að staðfesta með skirskotun til forsenda dómsins.

Þá ber og að staðfesta skilorðsákvæði hins áfrýjaða dóms að því er snertir ákærðu Þorlák Hannibal, Ólaf Óskar og Jón. Svo þykir og rétt sök-

um æsku ákærða Mons Olsen, að ákveða að refsing hans skuli vera skilorðsbundin á sama hátt. Hins vegar eru ekki fyrir hendi skilyrði til að ákveða hið sama um refsingu ákærða Alfreðs, og falla því burtu skilorðsákvæði hins áfrýjaða dóms, að því er hann snertir.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabóta-greiðslu til Sigurlaugar Vilhjálmsdóttur staðfestast.

Þeim Stefáni Agnar, Mons Olsen og Þorláki Hannibal ber að greiða, hverjum um sig, varðhaldskostnað sinn. Allan annan kostnað sakarinnar, þar á meðal málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 100,00 til hvors, greiði hinir ákærðu in solidum, þó þannig, að hinum ákærðu Guðmundi og Jóni ber aðeins að greiða sameiginlega  $\frac{1}{10}$  hluta kostnaðarins.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Stefán Agnar Magnússon sæti betrunarhússvinnu í 8 mánuði.

Hinir ákærðu Mons Olsen Monsson, Alfreð Haraldur Theódórsson Antonssen, Þorlákur Hannibal Guðmundsson, Ólafur Óskar Guðmundsson, Guðmundur Jónasson og Jón Guðmundur Þorsteinn Jóhannsson sæti hver um sig fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, Mons í 3 mánuði, Alfred Haraldur í 6 mánuði, Þorlákur Hannibal í 4 mánuði, Ólafur Óskar í 5 mánuði, Guðmundur í 30 daga og Jón Guðmundur Þorsteinn í 15 daga.

Fullnustu refsingar þeirra Mons Olsen, Þorláks Hannibals, Ólafs Óskars og Jóns skal fresta og þær falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabóta-greiðslu staðfestast.

Ákærðu Stefán Agnar, Mons Olsen og Þorlákur Hannibal greiði hver um sig varðhaldskostnað sinn. Allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors, greiði hinir ákærðu in solidum, þó þannig að hinir ákærðu Guðmundur og Jón greiði sameiginlega aðeins  $\frac{1}{10}$ . hluta kostnaðarins.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn þeim Stefáni Agnari Magnússyni, matsvein, Ingólfsstræti 7 B, Mons Olsen Monssyni, verkamanni, Þingholtsstræti 8, Alfred Haraldi Theódórssyni Antonsen, verkamanni, Suð-urpól 41, Þorláki Hannibal Guðmundssyni, verkamanni, Háholti og Ólafi Óskari Guðmundssyni, verkamanni, Bergstaðastræti 51, fyrir brot gegn lögum nr. 51, 1928 og 23. og 24. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og gegn þeim Guðmundi Jónssyni, sjómanni, Hringbraut 180 og Jóni Guðmundi Þorsteini Jóhannssyni, verkamanni, Garðastræti 23, fyrir brot gegn lögum nr. 51, 1928.

Ákærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna.

Stefán Agnar Magnússon er fæddur 27. nóvember 1916. Hann var hinn 29. dezember 1933 dæmdur í 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51, 1928 og 253. og 277. sbr. 270. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Mons Olsen er fæddur 9. júní 1917. Hann hefir einu sinni áður orðið uppvis að þjófnaði og var hinn 29. nóv. 1934 sektaður um 20 krónur fyrir brot gegn 102. gr. hegningarlaga.

Alfred Antonsen er fæddur 29. janúar 1914. Hann hefir þrisvar áður orðið uppvis að þjófnaði, tvisvar sætt áminningu fyrir lögreglubrot, og ennfremur var hann hinn 2. október 1929 sektaður um 10 krónur fyrir lögreglusamþykktarbrot.

Þorlákur H. Guðmundsson er fæddur 16. febrúar 1916. Hann hefir eigi áður orðið uppvis að nokkru afbroti.

Ólafur Óskar Guðmundsson er fæddur 6. apríl 1917. Hann hefir tvisvar áður orðið uppvis að þjófnaði, en eigi sætt ákæru eða refsingu.

Guðmundur Jónasson er fæddur 21. september 1915. Hann var hinn 13. dezember 1927 uppvis að hlutdeild í þjófnaði. Hinn 18. júní 1928 sætti hann aðvörun fyrir óknytti og hinn 26. nóvember 1934 var hann dæmdur í 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

Jón Jóhannsson er fæddur 12. desember 1916. Hann hefir þrisvar áður orðið uppvis að þjófnaði og einu sinni sætt aðvörun fyrir lögreglusamþykktarbrot.

#### I.

Hinn 12. dezember s. l. stálu hinir ákærðu, Guðmundur Jónasson, Alfred Antonsen og Jón Jóhannsson í félagi 4 flöskum af vini úr bifreið, sem stóð mannlauð fyrir utan húsið 32 við Sellandsstig hér í bænum, í þeim tilgangi að neyta vinsins í félagi síðar. Var þetta eftir uppástungu Alfreds, en Guðmundur tók hinsvegar flöskurnar, sem pakkaðar voru inn, úr bílnum. Skammt frá bifreiðinni dattu tvær af flöskum þessum og brotnuðu, en hinar tvær höfðu þeir félagar á burtu með sér, og fólu síðan, en visudu á þær, er mál þetta kom upp. Vin þetta var samtals

31 krónu virði, en eigi hefir eigandi þess óskað að gera skaðabótakröfu á hendur hinum ákærðu vegna þeirra flaskna, sem brotnuðu, og komu því eigi til skila.

Þetta afbrot varðar að því er ákærða Guðmund snertir við 8. gr. laga nr. 51, 1928, og að því er þá Alfred og Jón snertir, við 6. gr. sömu laga, sbr. 55. gr. hegningarlaganna.

## II.

Hinn 9. febrúar s. l. milli 12 og 1 á hádegi fór ákærði Ólafur Óskar Guðmundsson inn í sælgætisgerðina Viking við Vesturgötu hér í bænum með þeim hætti, að fyrst skreið hann inn í port á bak við húsið og síðan úr portinu inn um opinn glugga. Þarna inni stal ákærði einni brennivinsflösku sem hann hafði út með sér, og drakk áfengið síðan.

Laugardaginn 16. febrúar klukkan milli 7 og 8 síðdegis fór ákærði enn inn í fyrrgreint hús, og þá með þeim hætti, að hann fyrst fór inn í portið sem áður, en braut síðan rúðu og tókst þannig að opna glugga, sem kræktur var aftur, og þar skreið hann inn. Var þá tilgangur ákærða að stela spiritus þarna inni, en er hann fann hann engan, stal hann nokkru af konfekt, og fór síðan við svo búíð af vettvangi.

Þessi afbrot varða við 7. gr. laga nr. 51, 1928.

## III.

Að kvöldi hins fyrsta þessa mánaðar voru hinir ákærðu Mons, Ólafur og Hannibal staddir saman niður í bæ. Stakk Mons þá upp á því, að þeir félagar öfluðu sér peninga á þann hátt, að taka töskur af kvenfólki, sem væri á ferli á götum úti, og féllust þeir Ólafur og Hannibal á þessa uppástungu Mons. Síðan hittu þeir hina meðákærðu Stefán Agnar og Alfred og skýrðu þeim frá þessum ráðagerðum, og féllust þeir þá einnig á, að framkvæma þetta áform. Samkvæmt uppástungu Stefáns Agnars ákváðu hinir ákærðu síðan að halda suður á Bjarkargötu í þessum erindum, því þar taldi hann gefast mundi tækifæri til slíkra hluta, en áður en þeir fóru úr miðbænum varð ákærði Mons viðskila við þá hina, að því er virðist vegna þess, að einhverjir þeirra félaga vildu ekki hafa hann með við framkvæmd verksins.

Þeir Stefán Agnar, Þorlákur Hannibal, Ólafur og Alfred héldu nú suður á Bjarkargötu, en er þeim gafst ekkert færi þar, sem þeim líkaði, þá héldu þeir austur yfir Tjarnarbrú og yfir á Laufásveg, og biðu þeir síðan átekta á Skálholtsstignum fyrir ofan Laufásveg. Frá upphafi hafði það verið ákveðið, að ákærði Agnar framkvæmdi verkið að taka töskuna, ef til kæmi, en annars voru þeir sammála um þessi áform og það að skipta þeim verðmætum, er þeir kynnu að afla, með sér. Er þeir höfðu beðið stutta stund á fyrrgreindum stað, sáu þeir tvær stúlkur koma gangandi sunnan Laufásveginn, og bar sú, sem til hægri gekk tösku í hendinni þannig, að hún hélt í ól töskunnar, en hafði ekki hald á henni á annan hátt. Ákvað ákærði Stefán Agnar nú að taka þessa tösku, og gekk hann í þeim tilgangi á eftir stúlkunum, og Alfred í humáttina á eftir, en Ólafur og Hannibal gengu hinsvegar niður stigin norðan barnaskólans. Er ákærði Stefán Agnar nágaðist stúlkurnar, þreif hann vinstri hendi til töskunnar og kippti henni til sín, en stúlkann hélt það fast, að töskuólin slitnaði frá beggja megin, og hélt stúlkann henni eftir. Eigi lagði ákærði hendir á stúlkuna eða sýndi henni annað ofbeldi í þessari viðureign, en nú er lýst. Er taskan var laus, hljóp ákærði með hana niður fyrrgreindan stig norðan barnaskólans og síðan suður Frikirkjuveg, og linnu ekki hlaupunum fyrr en suður við hljómskála, og klifraði ákærði þar inn í garðinn. Þar opnaði ákærði töskuna og tók úr henni buddu, en skildi töskuna eftir við áhaldaskúr í hljómskálagarðinum. Er ákærði síðan kom út í Sóleyjargötuna, opnaði hann budduna og tók úr henni 5 krónur, en fleygði buddunni síðan þar á staðnum.

Stúlka sú, er töskuna bar, Sigurlaug Vilhjálmsdóttir frá Siglufirði, gerði árangurslausa tilraun til að veita ákærða eftirför, en tilkynnti málið síðan lögreglunni, sem svo tókst að hafa upp á hinum seku daginn eftir.

Af ákærðu er það að segja, að þeir hittust á billiardinum á Hótel Heklu síðar um kvöldið allir nema Mons, og lét Stefán Agnar þá eitthvað af hendi rakna við þá féлага sína af fyrrgreindum 5 krónum.

Fóru þeir Stefán Agnar og Þorlákur Hannibal síðan suður í hljómskálagarð, til þess að leita betur í töskunni,

og fundu þá í henni 240 krónur í peningum, sem Stefán Agnar tók í sínar vörslur, en lét Þorlák Hannibal þó þá þegar hafa 90 krónur af peningum, en töskuna létu þeir liggja á fyrrgreindum stað. Morguninn eftir hittust allir hinir ákærðu síðan á fyrrgreindum billiard. Hafði Þorlákur þá fyrir nokkurn hluta af peningum þeim, sem hann hafði tekið við, keypt 4 flöskur af ákavíti, sem þeir skiptu á milli sín þannig, að hver þeirra fékk eina flösku nema Mons. Skildu þeir síðan, en síðar um daginn fóru þeir Ólafur, Alfred og Mons saman til Stefáns Agnars, þar sem hann vann, og fengu þeir Ólafur og Alfred þá hjá honum sínar 25 krónurnar hvor. Átti Stefán Agnar þá eftir kr. 100.00, sem hann skilaði, er mál þetta kom upp, en ákavítisflösku þeirri, sem í hans hlut kom, samkvæmt framangreindu, hafði hann komið til geymslu til pilts, er hann þekkti, en sá hafði eytt áfenginu, er til hans náðist. Af þeim peningum, er Þorlákur Hannibal fékk og afgangs voru af áfengiskaupunum, fengu þeir Alfred og Ólafur sínar 10 krónurnar hvor, en hinu eyddi ákærði Þorlákur í eigin þarfir, en ákavítisflöskunni skilaði hann óeyddri. Alfred skilaði aftur 25 krónum af peningum þeim, sem hann fékk og ákavítisflöskunni óeyddri. Af peningum þeim, sem Ólafur fékk í sinn hlut, kom hann kr. 26.40 í geymslu hjá Mons, er hann frétti, að hann ætti að mæta á lögrelustöðina, og vísaði Mons, eftir mikla tregðu, á þá peninga undir rannsókn málsins. Ennfremur hefir Mons greitt kr. 9.82 upp í það, sem eytt hafði verið af fyrrgreindum peningum. Úr ákavítisflösku þeirri, sem Ólafur fékk í sinn hlut, drukku þeir saman Ólafur og Mons. Af peningum þeim, sem ákærðu tóku úr töskunni, hafa þannig fengizt endurgreiddar kr. 161.22, og standa þá eftir ógreiddar kr. 83.78. Taskan og buddan fundust á fyrrgreindum stöðum með öllu innihaldi öðru en fyrrgreindum peningum.

Í réttarhaldi 5. marz s. l. gerði Sigurlaug Vilhjálmsdóttir þá kröfu, að hinir ákærðu, sem ræðir um í þessum kafla yrði in solidum dæmdir til að borga henni kr. 110.18 í skaðabætur og hafa allir hinir ákærðu samþykkt þá kröfu. En eftir að krafa þessi var gerð, kom til skila fyrrgreindar kr. 26.40, sem geymdar voru hjá Mons, og

lækkar kröfuupphæðin því niður í kr. 83,78, sem hinum ákærðu ber að greiða eins og krafizt hefir verið.

Framangreint afbrot ákærðu varðar við 239. gr., sbr. 55. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. að því er snertir Stefán Agnar, 8. gr. laga nr. 51, 1928, en 6. gr. sömu laga, að því er aðra hina ákærðu snertir.

## IV.

Ákærði, Þorlákur Hannibal, var um tíma sendisveinn hjá mjólkursamsölunni í mjólkurbúðinni í verkamanna-bústöðunum hér í bænum, en fór úr því starfi í febrúar-mánuði s. l. Skömmu seinna stakk hann upp á því við ákærða, Stefán Agnar, að þeir skyldu brjótast inn í fyrr-greinda mjólkurbúð til þess að stela þar peningum, en er Stefán Agnar var ekki fáanlegur til þess, varð ekkert úr þessu áformi. Þetta afbrot ákærða, Þorláks Hannibals, varðar við 7. gr. laga, nr. 51, 1928, sbr. 53. gr. og 46. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Ákærðu, Stefán Agnar, Mons Olsen og Þorlákur Hannibal sátu undir rannsókn málsins í gæzluvarðhaldi frá 3.—6. þ. m.

Refsing hvors hinna ákærðu, Stefáns Agnars og Mons Olsen, þykir hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna.

Refsing hvers hinna ákærðu, Alfreds Haralds, Þorláks Hannibals og Ólafs Óskars, þykir með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði.

Refsing ákærða, Guðmundar Jónassonar, þykir hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og refsing Jóns Jóhannssonar samskonar fangelsi í 15 daga.

En með hliðsjón af æsku hinna ákærðu, Alfreds Haralds, Þorláks Hannibals, Ólafs Óskars og Jóns, sem ekki hafa áður sætt refsingu fyrir hegningarlagabrot, þykir mega ákveða, að refsing þeirra allra skuli vera skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 39, 1907.

Hinir ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.